

Eyþing

Aðalfundur Eyþings var haldinn í Þingeyjarsveit dagana 3.-4. október og fóru Hilma Steinarsdóttir og Siggeir Stefánsson á fundinn sem fulltrúar Langanesbyggðar. Þar var m.a. kosið í stjórn Eyþings 2014-2016, Menningaráðs Eyþings 2014-2016 og í Heilbrigðisnefnd Norðurlands 2014-2018.

Hilma Steinarsdóttir er í stjórn Eyþings, Hildur Stefánsdóttir í Menningarráði Eyþings, Sigríður Jóhannesdóttir varamaður Hildar og Þórarinn Þórisson í stjórn Heilbrigðisnefndar.

Á stjórnarfundum Eyþings 9. nóv var tilnefnt í ráðgjafarnefnd heilbrigðisumdæmis Norðurlands sbr. ósk frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga og er Þorsteinn Ægir Egilsson varamaður í þeirri nefnd. Í hverju heilbrigðisumdæmi, sem eru alls sjö er ein ráðgjafarnefnd og er þeim ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar um úrbætur í skipulagi og rekstri heilbrigðisþjónustu í hverju umdæmi með það að markmiði að veita sem besta heilbrigðisþjónustu innan ramma fjárveitinga.



Deiliskipulag á Bakkafirði vegna urðunarsvæðis

Langanesbyggð og stjórn íbúasamtaka Bakkafjarðar hafa unnið að samkomulagi varðandi urðunarmál, út frá þeirri vinnu voru lagðar fram hugmyndir á fundi sveitarstjórnar 11. desember, eftirfarandi bókanir voru gerðar og samþykktar samhljóða:

Lagt til að sveitarstjórn samþykki að áður auglýst deiliskipulag fyrir Bakkafjörð verði endurauglýst með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því. Samþykkt samhljóða.

Einnig samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi vegna sorpmála og urðunar á Bakkafirði:

Vegna urðunar verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir:

o Farið verði í öflugt kynningarátak í sorpflokkun og skýrari reglur settar um flokkun

o Starfshópur skipaður af sveitarstjórn og hlutverk hans er að koma með útfærðar hugmyndir að lausnum í sorpurðun

a. Starfshópurinn skili af sér stöðuskýrslu innan 4 mánaða þar sem farið væri yfir þá kosti sem hópurinn sér fýsilega í málaflokknum

b. Starfshópurinn skili sveitarstjórn skýrslu ca 5 mánuðum seinna hvar fram kæmu þrjár leiðir sem starfshópurinn teldi að gagnaðist samfélaginu í Langanesbyggð best

c. Í framhaldi af því fæli sveitarstjórn starfshópnum að vinna málið lengra eða tæki við málinu og veldi lausn

d. Starfshópurinn fengi ákveðna heimild til að leita sér sérfræði aðstoðar, allt þó í nánu samstarfi við sveitarstjóra, sem bæri fjárhagslega ábyrgð á vinnu starfshópsins

Á næsta fundi sveitarstjórnar tilnefna allir listar sinn sinn fulltrúa í starfshópinn.

Samþykkt samhljóða.

Ábyrgðaraðili:

Hilma Steinarsdóttir

Myndir:

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Guðjón Gamalielsson

Hilma Steinarsdóttir



Langanesbyggð

Fréttabréf

Gleðilega jólahátíð

Skrifstofa Langanesbyggðar er opin alla virka daga kl.9.00-15.00

Sími: 468-1220

Eliás Pétursson
sveitarstjóri
elias@langanesbyggd.is

Sigríður Jóhannesdóttir
skrifstofustjóri og staðgengill
sveitarstjóra
sirry@langanesbyggd.is

Hilma Steinarsdóttir
oddviti
hilmasteinars@gmail.com

Þorsteinn Ægir Egilsson
varaoddviti
thorsteinna@simnet.is

langanesbyggd.is

Inb.is



Gamsi

Grunnskólinn á Bakkafirði tilnefndur til nýsköpunarverðlauna

Nýsköpunarverðlaunin í opinberri þjónustu og stjórnsýslu verða veitt í fjórða sinn 23. janúar 2015. Markmiðið með nýsköpunarverðlaununum er að vekja athygli á því sem vel er gert og hvetja til meiri nýsköpunar í opinberri þjónustu og stjórnsýslu á Íslandi. Allar ríkisstofnanir, ráðuneyti og sveitarfélög landsins eru gjaldgeng til að taka þátt og tilnefna verkefni til nýsköpunarverðlaunanna.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tilnefndi Grunnskólann á Bakkafirði til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu 2014 fyrir vinnustofur – skapandi kennsluaðferðir.

Nánar má sjá um verkefnið á vef Grunnskólans á Bakkafirði, bakkafjardarskoli.is

Fjárhagsáætlun 2015**Helstu forsendur og rekstrarniðurstöður**

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2015 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar tæplega 230 milljónir kr., framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga tæplega 170 milljónir kr., og aðrar tekjur tæplega 292 milljónir kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 690,8 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnana þess verði 374,1 milljónir kr eða sem svarar 54,1 % af heildartekjum þess. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 223,7 milljónir kr. Afskriftir eru áætlaðar 50,8 milljónir kr. Fjármagnsgjöld eru áætluð 40,2 milljónir kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jákvæð um 93 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð að upphæð 2 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 60,7 milljónir kr. sem er 8,8% af heildartekjum.

Handbært fé í árslok er áætlað 6,9 milljónir kr.

Áætlun 2015 gerir ráð fyrir að hafin verði bygging leikskóla og að sú framkvæmd klárast árið 2016.

Heimasíður grunnskóla Langanesbyggðar—ath nýjar slóðir

Grunnskólinn á Bakkafirði bakkafjardarskoli.is

Grunnskólinn á Þórshöfn grunnskolinn.com

langanesbyggd.is
lnb.is


Gjaldskrá 2015

Álagning fasteignagjalda, lóðaleigu, vatnsgjalds, fráveitugjalds og sorphreinsunargjalda verður sú sama árið 2015 og 2014

Gjaldskrá grunn- og leikskóla:
leikskólagjöld hækka um 5%,
tónlistaskólinn hækkar um 5%
skólamáltíðin hækkar um 3%.

Tekur gildi 1. janúar 2015

Gjaldskráin í heild sinni er á heimasíðu LNB

**Samstarfssamningur við Þekkinganet Þingeyinga**

Gerður hefur verið samstarfssamningur við Þekkinganet Þingeyinga en hann snýr að vinnuframlagi Grétu Bergrúnar Jóhannsdóttur sem er starfsmaður Þekkingarnetsins við verkefni á vegum og í samstarfi við Langanesbyggð. Um er að ræða 30% stöðu og tekur samningurinn gildi 1.janúar 2015, Eru þetta helstu verkefni:

- Gerð styrkumsókna, utanumhald og eftirfylgni fyrir verkefni á vegum sveitarfélagsins er tengjast ferða- og menningarmálum. Einnig skal horft til verkefna er styðja við nýsköpun í samfélaginu.
- Upplýsingavinna fyrir markaðsfyrirtæki er vinna að ferðaþjónustumálum s.s. Markaðsstofu Norðurlands.
- Upplýsingavinna og almenn ráðgjöf við tilfallandi verkefni hjá sveitarfélaginu.
- Almenn uppfærsla á heimasíðu og facebooksíðu sveitarfélagsins.

Heimasíða PP
hac.is

**Hunda- og kattahald**

Samþykktir sem og gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald voru samþykktar á 2. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar og einnig á fundi sveitarstjórnar 30. september síðastliðinn.

Samþykktirnar og gjaldskrána er að finna á heimasíðu Langanesbyggðar, undir "stjórnsýsla" - "reglur og samþykktir"

